

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. apríl 2018

**Efni: Íslandsstofa (rekstrarform o.fl.), 492. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um Íslandsstofu og styðja eindregið að það verði samþykkt.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu byggja á niðurstöðum starfshóps um fyrirkomulag markaðssetningar á Íslandi og íslenskum vörum og þjónustu erlendis frá 2015 en þar var lögð rík áhersla á að útflutningsþjónusta og markaðsstarf fyrir Ísland byggist á langtímastefnumótun sem mörkuð er í breiðri samvinnu. Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í starfshópnum en þar náðist ágæt samstaða um langtímasýn og stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki. Samstarf atvinnulífs og stjórnvalda um að auka útflutningstekjur þjóðarbúsins á sér langa sögu og hefur það samstarf verið mikilvægur þáttur í að auka verðmætasköpun íslensks þjóðfélags. Íslandsstofa er kjölfestuaðili í því samstarfi og nauðsynlegt að útrýma þeirri óvissu sem ríkt hefur um stjórnslulega stöðu Íslandsstofu eins og bæði Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis hafa bent á. Í frumvarpinu er staðfest að starfsemi Íslandsstofu byggir á samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs (e. public-private partnership) þar sem styrkleiki beggja aðila nýtist sem best og jafnræði þeirra jafnframt tryggt.

Samtökin gera enga athugasemd við þá breytingu sem Utanríkisráðuneytið lagði til í umsögn sinni dags. 11. apríl s.l. um aðkomu Ríkisendurskoðunar. Samtökin eru jafnframt fylgjandi að sú breyting sem lögð er til í umsögn Ferðamálastofu dags. 23. apríl nái fram að ganga. Mikilvægt er að þeim aðilum sem treyst er til að vinna að langtímastefnumótun þeirra verkefna sem Íslandsstofa stýrir verði treyst til að taka ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna án þess að því séu fyrirfram settar skorður sem kunna að koma í veg fyrir að fjármunum verði veitt þangað sem þeim er helst þörf hverju sinni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Berglína Halldórsdóttir*